

Summary

Egilsstadir airport is one of three reserve airports in Iceland. The purpose of this essay discusses whether it is possible to operate international flight to Egilsstadir airport at any kind.

The research question that was asked in beginning of the essay is:

- is there basis for international flights to and from Egilsstadir airport in the future?
- Is there basis for cargo flights to and from Egilsstadir airport in the future?

The travel agency, Austurlands Travel who has great experience in the local market was the essay writer assistant.

During the summer of 2002 and 2003, the German airline LTU held up international flights to Egilsstadir. Preparation had been in progress for many years which involved many companies, and other occupants who had their interest in this task. In this essay the preparation is looked at and also how the flight went.

The outcome of the essay, says there is a ground for international flights to and from Egilsstadir airport, but only for short and few trips per year for the local market.

Keywords

Egilsstaðir, international flight, cargo flight, airport and passenger flight.

Útdráttur

Þessi ritgerð fjallar um flugvöllinn á Egilsstöðum og möguleika hans til millilandaflugs. Skoðað er hvort grundvöllur sé fyrir reglubundnu áætlunarflugi til og frá Egilsstaðaflugvelli. Einnig hvort möguleiki sé á vöruflutningum um flugvöllinn. Það sem skoðað er í þeim kafla er bundið við fiskflutninga til Evrópu frá fiskframleiðendum á Austurlandi.

Rannsóknarspurningar sem lagt var af stað með í upphafi voru:

- Er grundvöllur fyrir millilandaflugi til og frá Egilsstaðaflugvelli í einhverri mynd til framtíðar?

Undirspurning var:

- Er grundvöllur fyrir vöruflutningum til og frá Egilsstaðaflugvelli í einhverri mynd til framtíðar?

Ferðaskrifstofa Austurlands var höfundur til aðstoðar við gerð ritgerðarinnar. Ferðaskrifstofa Austurlands er sá aðili á Austurlandi sem hefur mesta reynslu í millilandaflugi um Egilsstaðaflugvöll, þekkir heimamarkaðinn mjög vel og er framarlega í allri umræðu um millilandaflug til og frá Austurlandi.

Sumarið 2002 og 2003 var reglubundið áætlunarflug til Egilsstaða frá Düsseldorf í Þýskalandi á vegum Þýska flugfélagsins LTU. Undirbúningur hafði staðið í mörg ár áður en það flug hófst og að þeim undirbúningi komu margir aðilar. Í ritgerðinni er undirbúningurinn skoðaður, rætt við aðila sem komu að fluginu og einnig skoðað hvernig flugið sjálft gekk.

Niðurstaða ritgerðarinnar er að grundvöllur sé fyrir millilandaflugi um Egilsstaðaflugvöll í þeirri mynd að bjóða upp á þriggja til sjö daga ferðir fyrir heimamarkað en ekki að bjóða upp á reglubundið áætlunarflug nema með stuðningi sveitarfélaga eða fyrirtækja sem eru tilbúin að tryggja rekstur slíks flugs.